

# STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1971

Nr. 2.

2

2. febrúar 1971.

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 2. febrúar 1971 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

### 1. gr.

Á undan síðustu málsgrein 55. gr. d., eins og sá liður hljóðar samkvæmt reglugerð nr. 1/1967, um breyting á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Einnig getur deildin heimilað stúdent að ljúka prófum þessum í tveimur áföngum með tilskilinni lágmarksmeðaleinkunn í hvoru áfangaprófi og sömu ákvæðum um tímamörk, sem getið er í 2. mgr. að ofan. Síðari áfangi skal enda með prófi í kjörsviðsgrein, hvort sem tekin er til prófs ein grein eða tvær teknar saman. Stúdent er heimilt að ljúka prófum fyrra áfanga, áður en hann skilar kjörsviðsritgerð.

### 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 2. febrúar 1971.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

Nr. 3.

23. febrúar 1971.

## L Ö G

um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Nú er í lögum heimilað að innheimta fyrir fram upp í opinber gjöld á fyrstu 6 mánuðum byrjaðs árs 50% af gjöldum næstliðins árs. Hækka má þann hundraðshluta með úrskurði fjármálaráðuneytisins þannig, að í stað 50% megi innheimta allt að 60% fyrir árið 1971.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. febrúar 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

Stjórnartíðindi A 2, nr. 2—3. Útgáfudagur 23. febrúar 1971.